

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns, lóðir 7 og 56.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 15. október 2025 breytingu á gildandi deiliskipulagi Byggðarhorns Búgarðabyggðar vegna uppskiptingar og fjölgunar lóða. Um er að ræða lóð 7, sem skipt verður upp í 3 lóðir og verða þær um 2,4 – 2,6 ha að stærð. Lóð 56 verður skipt upp í tvær lóðir, annars vegar 4,17 ha og hins vegar 2,5 ha að stærð.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 7. nóvember 2025.

F.h. bæjarstjórnar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 21. nóvember 2025